

**Aðalfundar Sorpurðunar Vesturlands hf. haldinn miðvikudaginn 24. mars 2021
kl. 13 á Hótel Hamari, Borgarbyggð.**

Formaður Kristinn Jónasson setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hann gerði tillögu um Lindu Pálsdóttur sem fundarstjóra og Hrefnu B Jónsdóttur sem fundarritara.

Hrefnu falið að koma kjörbréfum til fundarstjóra auk þess að vinna að störfum kjörnefndar, ásamt Karitas Jónsdóttur.

1. Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár.

Kristinn Jónasson, formaður fór með skýrslu stjórnar Sorpurðunar Vesturlands hf.

Sjá nánar skýrslu stjórnar í heild sinni hér aftast í fundargerð.

Hrefna B Jónsdóttir gerði grein fyrir störfum kjörnefndar. Kjörbréf hafa borist fyrir alla fulltrúa eigenda og er mæting 100%. Fundurinn telst því lögmætur.

2. Ársreikningar félagsins og grænt bókhald.

Framkvæmdastjóri fór yfir ársreikning og grænt bókhald ársins 2020.

Heildartekjur félagsins eru 189.231.542 kr. Rekstrargjöld eru 96.671.905 kr.

fjármunatekjur 5.311.446 kr. og tekjuskattur 19.585.396 kr. Hagnaður ársins 78.323.kr.

Í framhaldinu var farið yfir grænt bókhald. Urðuð voru alls 16.094 tonn af úrgangi árið 2020. Sjá nánar skýrslu formanns.

Umræður um skýrslu stjórnar, ársreikng og grænt bókhald urðu litlar. Öll gögn liggja á innra neti SSV. Fyrir stuttu lauk vinnu við „aðgerðaráætlun fyrir Vesturland fyrir sameiginlega svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs.“ Í þeirri vinnu áttu öll sveitarfélög fulltrúa, auk þess sem fleiri komu inn á eigendafundi félagsins. Fundarmenn eru því vel inni í málum félagsins.

3. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.

Gerð er tillaga um að stjórnarlausn taki mið af þingfararkaupi. Greiðsla verði fyrir hvern fund. Formanns laun verði 5% eða 60.518 kr. og aðrir stjórnarmenn kr. 30.259 kr.. + ½ dagpeningur greiddur pr. fund og akstur greiddur samkvæmt reglum RSK hverju sinni. Samþykkt samhljóða.

4. Lagabreytingar

Engar

5. Ákvörðun um hvernig fara á með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.

Stjórn gerir þá tillögu til stjórnar að greiddur verði 27% arður til eigenda félagsins. Hagnaður frá rekstri leggist við eigið fé félagsins. Samþykkt.

6. Kosning stjórnar.

Eyjólfur Ingvi Bjarnason
Finnbogi Leifsson

Dalabyggð
Borgarbyggð

Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir
Karitas Jónsdóttir
Kristinn Jónasson
Sævar Jónsson
Unnur Þóra Sigurðardóttir

Borgarbyggð
Akraneskaupstaður
Snæfellsbæ
Akraneskaupstaður
Grundarfjarðarbær

7. Kosning löggilts endurskoðanda.

Gerð tillaga um að KPMG verði áfram löggiltur endurskoðandi félagsins. Samþykkt.

8. Önnur mál sem hafa verið löglega fram borin eða fundurinn samþykkir að taka til meðferðar.

Engin.

Formaður þakkaði samstarfsfóki sínu í stjórn samstarf liðins árs. Sérstaklega þakkaði hann Ástu Kristínu Guðmundsdóttur, fráfarandi stjórnarmanni ánægjulegt samstarf en hún hverfur nú úr stjórninni. Einnig þakkaði hann starfsfólki fundarins og sleit fundi.

Fundi slitið kl. 14:15.

HBJ

Skýrsla stjórnar á aðalfundi 2020, flutt af Kristni Jónassyni, formanni stjórnar.

Aðalfundur 24. mars 2021

Ágætu fundargestir.

Hér á eftir mun ég fara yfir skýrslu stjórnar.

Á árinu 2020 voru samtals urðuð 16.094 tonn af úrgangi í Fíflholtum. Einnig var tekið við 3.650 tonnum af kurluðu timbri sem notað er til yfirlags í urðunarreinum. Af því magni sem barst til urðunar komu 2.702 tonn frá Vestfjörðum og 604 tonn frá Suðurlandi samkvæmt tímabundnu samkomulagi um móttöku á allt að 2.500 tonnum af úrgangi þaðan. Frá Vesturlandi bárust því 12.788 tonn.

Notkun timburkurlisins er sú sama og áður og berst yfirlagið að mestu frá höfuðborgarsvæðinu. Heildarmagn móttækis úrgangs og yfirlags samkvæmt framanskráðu var því 19.743 tonn.

Í árslok 2020 hafði úrgangur verið urðaður í Fíflholtum í 22 ár og var heildarmagn urðaðs úrgangs frá upphafi þá komið í 237.030 tonn. Þar af hafa 110.409 tonn verið urðuð í rein 4, sem er sá urðunarstaður sem starfræktur er í dag.

Alls þurfti að grípa til lokunar urðunarstaðarins 51 sinni á árinu 2020.

Á árinu 2020 var lokið við að sá í nyrsta hluta reinar nr. 4.

Núgildandi starfsleyfi urðunarstaðarins í Fíflholtum gildir til ársins 2028. Einnig eru í gildi fyrirmæli Umhverfisstofnunar, dags. 11. júní 2014, um frágang á vöktun eldri urðunarstaðarins á svæðinu reinar 1-3.

Samkvæmt eftirlitsskýrslu Umhverfisstofnunar vegna reglubundins eftirlits 20. október 2020 komu engin frávík fram við eftirlitið og engar ábendingar voru gerðar. Fram kemur í skýrslunni að rekstraraðili vinni að úrbótum í samræmi við úrbótaáætlun sem samþykkt var 25. október 2019, m.a. hvað varðar umfang starfseminnar.

Í eftirlitsskýrslunni kemur m.a. fram að sett hafi verið upp skilti við aðkomuhlið um takmörkun aðgangs að urðunarstaðnum, auk þess sem svæðið sé nú vaktað með myndavélum. Þá hafi ráðgjafar verið fengnir á síðasta ári til að meta hvað betur mætti fara á urðunarstaðnum og hafi það skilað sér í bættu verklagi og úrbótum.

Í eftirlitsheimsókninni 20. október var farið yfir áhættumat til ákvörðunar á tíðni reglubundinna eftirlitsferða, en samkvæmt 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit ber Umhverfisstofnun nú að ákvarða tíðni reglubundins eftirlits út frá kerfisbundnu mati á umhverfisáhættu starfsemi undir eftirliti stofnunarinnar. Árið 2019 féll urðunarstaðurinn í Fíflholtum í flokk B (17 stig) þannig að komið var í reglubundið eftirlit einu sinni árið 2020. Áhættumat er endurmetið árlega.

Auk þess sem hér hefur verið nefnt kemur fram í eftirlitsskýrslunni að plan við áhaldahús hafi verið malbikað frá því í síðasta eftirliti. Urðunarstaðurinn sé allur snyrtilegur, vel skipulagður og ekki tilefni til athugasemda. Þessi lokaorð skýrslunnar glöddu starfsmenn Sorpurðunar Vesturlands hf. sem unnu vel að því að fegra svæðið á líðandi sumri. Var svæðið því til fyrirmyndar í byrjun vetrar.

Markvisst hefur verið unnið að því að hefta fok frá urðunarstaðnum, m.a. með uppsetningu fokvarnargirðinga. Eins og fram kemur í skýrslu vegna fyrrnefnds eftirlits 20. október 2020 hafa girðingarnar reynst vel við að grípa fokefni, auk þess sem verktakar hafa verið fengnir til að týna fokefni þegar á hefur þurft að halda.

Árið 2020 er annað heila árið sem gassöfnun er í gangi í Fíflholtum, en kyndill/metangasbrennari var gangsettur 26. nóvember 2018. Nokkrir byrjunarörðugleikar hafa verið í rekstri kyndilsins en við vonum að við komust yfir þau byrjunarvandamál fljótlega.

Haustið 2019 lagði Sorpurðun Vesturlands hf. fram úrbótaáætlun vegna hreinsunar sigvatns, sem samþykkt var af Umhverfisstofnun 25. október sama ár. Unnið hefur verið eftir þessari áætlun síðan og nú liggja fyrir tillögur um úrbætur á sigvatnskerfi urðunarstaðarins. Stefnt er að því að koma upp náttúrulegri hreinsun þar sem sigvatnið er leitt í lögn frá síubeði og í skipulagt skurða- eða tjarnakerfi. Áætlað er að kerfið verði um 900 metra langt og viðverutími sigvatns verði um 30 dagar. Völdum trjáplöntum verður plantað með vatnsbökkum og e.t.v. öðrum gróðri sem þolir aðstæður, hefur mikinn vaxtarhraða og nýtir næringu úr sigvatninu. Sótt verður um breytingu á starfsleyfi vegna þessarar breytingar sem og vegna aukningar á urðun.

Samkvæmt starfsleyfi fyrir urðunarstað Sorpurðunar Vesturlands hf. í Fíflholtum, útg. 5. febrúar 2014, skulu reglulega tekin sýni úr sigvatni, grunnvatni, yfirborðsvatni og lækjarseti við urðunarstaðinn til að unnt sé að fylgjast með mengun sem frá staðnum kann að berast. Sýnin skulu greind með tilliti til tiltekinna umhverfispátta samkvæmt sérstakri mælingaáætlun sem er hluti af starfsleyfinu.

Eins og þið þekkið var töluverð vinna sett í að móta stefnu fyrir Sorpurðun Vesturlanda á árinu 2020 og á eigandafundi 7. september 2020 var samþykkt að skipa starfshóp frá öllum eigendum sem myndi gera tillögur fyrir eigandafund um hvert stefn yrði. Þessari vinnu lauk með því að eigandafundur sem haldinn var 22. febrúar síðastliðinn samþykkti stefnumótun fyrir starfsemi Sorpurðunar næstu árin.

Eigandafundurinn samþykkti eftirfarandi að tillögu starfshópsins:

- a) Að reka urðunarstaðinn í Fíflholtum. Með síminnkandi urðun úrgangs frá heimilum og fyrirtækjum á Vesturlandi gæti fjárhagur urðunarstaðarins versnað verulega ef ekki verður gripið til aðgerða. Þar gætu skiptisamningar komið til, það að SV taki að sér að urða óvirkan úrgang frá öðrum samlögum sem í staðinn tækju aðra flokka úrgangs til meðhöndlunar í staðinn
- b) Að gera skiptisamninga við önnur sorpsamlög um meðhöndlun úrgangs frá sveitarfélögum á Vesturlandi og að hafa umsjón með framkvæmd þeirra samninga
- c) Að taka þátt í undirbúningi stórrar brennslustöðvar f.h. sveitarfélaga á Vesturlandi

- d) Að veita ráðgjöf til sveitarfélög á Vesturlandi við þróun nýrra leiða við endurnotkun og endurvinnslu og aðra meðhöndlun úrgangs með aðstoð ráðgjafa og atvinnulífs eftir því sem tilefni er til
- e) Að annast samskipti og samráð við önnur sorpsamlög með það fyrir augum að ná fram hagræðingu í meðhöndlun úrgangs og samræmingu í flokkun hans
- f) Hvað annað sem sveitarfélögin á Vesturlandi fela stjórn félagsins að annast

Það var mikilvægt skref að fara í þessa vinnu og nú verður mun auðveldara fyrir stjórn á hverjum tíma að framfylgja fyrirfram mótaðri stefnu félagsins.

Fjárhagslega stað félagsins er sterk og er það mikilvægt, því fjölmörg verkefni bíða, flest þeirra eru afar kostnaðarsöm og gott að eiga fjármuni að hluta til að fara í þau.

Ég vil í lokin þakka Hrefnu framkvæmdastjóra fyrir hennar störf fyrir félagið og starfsmönnum í Fíflholtum fyrir þeirra góðu störf á liðnu ári. Samstarfsmönnum í stjórn vil ég einnig þakka fyrir gott samstarf.

Læt ég hér skýrslu stjórnar lokið.